

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 2000

Nr. 650

1950

12. september 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austurhluta Háskólalóðar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 1. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austurhluta Háskólalóðar, samþ. 28. september 1999, varðandi byggingarsvæði H. Breytingin felur m.a. í sér stækkun byggingarreits, aukið byggingarmagn, hækkun húss og fjölgun bílastæða.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. september 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 651

8. september 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbréfa á árinu 1999 og 2000 fyrir Íbúðalánasjóð, sbr. reglugerð nr. 607/1999 og nr. 115/2000.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo:

Húsbréfin í hverjum flokki skulu gefin út í þremur undirflokkum A, B, og C. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð 1.000.000 kr., í undirflokki B 100.000 kr. og í undirflokki C 10.000 kr. Vextir í 1. og 2. flokki 1998 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 25 ár og í 2. flokki 40 ár.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo:

Samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 1998 skal ekki vera umfram 30.142 milljónir króna á árinu 2000 miðað við reiknað markaðsvirði húsbrefanna. Þannig skal samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta 1998, 1999 og 2000 úr 1. og 2. flokki húsbrefa 1998 ekki fara umfram 83.849 milljónir króna miðað við fyrrnefnt reiknað markaðsvirði.